



Alþingi
Erindi nr. P 140/1590
komudagur 21.3.2012

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.3.2012
Tilvísun: 201203-0005

Efni: Umsögn umþingmál nr.490.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt (barnaföt o.fl.), 490 mál.

ASÍ telur mikilvægt að auka stuðning við barnafjölskyldur en bendir á að lækkun virðisaukaskatts á barnaföt og nauðsynjavörur tengdar barnauppeldi er ekki skilvirkasta leiðin til þess. Einfaldari og skilvirkari leið til þess að koma til móts við barnafjölskyldur er að hækka barnabætur.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 140/1518
komudagur 14.3.2012



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. mars 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum (barnaföt o.fl.), þskj. 750 - 490. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Bandalagið styður eindregið markmið þessa frumvarps um að lækka þurfi kostnað og styðja við barnafjölskyldur.

Fyrir utan stóraukinn framfærslukostnað barnafjölskyldna frá efnahagshruni vill bandalagið vekja athygli á að á síðustu 6 árum hafa barnabætur einungis hækkað tvívegis, 2008 og 2009. En fjárhæð barnabóta hefur haldist óbreytt síðan 2009. Verðgildi barnabóta hefur hins vegar rýrnað umtalsvert. Sem dæmi má nefna þróun barnabóta hjá einstaklingi og hjónum með 2 börn á lágmarkslaunum. Miðað við uppsafnaða vísitölu neysluverðs í febrúar mánuði 2012 frá febrúar 2008 hefur kaupmáttur barnabóta rýrnað um rúm 26% hjá einstæðu foreldri tveggja barna á lágmarkslaunum og rúm 33% hjá hjónum með tvö börn og sem bæði taka lágmarkslaun á tímabilinu 2008-2012.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, reading 'Helga Jónsdóttir', is written over the typed name.

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 140/1544
komudagur 16.3.2012



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16.03.2012
Tilv. 2012/0307 - 0.3.01
PÁÁ


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt

Vísað er til tölvubréfs, dags. 8. mars 2012, þar sem Neytendastofu er sent til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1998, með síðari breytingum, 490. mál.

Neytendastofa þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið og vill lýsa ánægju með það þar sem það muni hafa góð áhrif á neytendur og fjárhagslega hagsmuni þeirra.

Neytendastofa vill jafnframt benda á nauðsyn þess að fylgst verði með að lækkun virðisaukaskatts af barnafötum og nauðsynjavörum tengdum barnauppleði skili sér til neytenda samþykki Alþingi slíka breytingu. Þegar virðisaukaskattur á matvöru var lækkaður þann 1. mars 2007 hafði viðskiptaráðherra samstarf við stofnanir á sviði verðkannana til að tryggja að hægt væri að fylgjast með því að lækkunin skilaði sér til neytenda. Í kjölfar þess gerði Neytendastofa verðkönnun hjá veitinga- og gistinguþjónustu fyrir lækkun virðisaukaskatts og aftur eftir lækkunina. Niðurstaðan var sú að ekki í öllum tilvikum skilaði lækkunin sér til neytenda. Stofnunin vill því hvetja til þess að verði frumvarpið að lögum verði einnig haft eftirlit með áhrifum lækkunar á fjárhag neytenda.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍKReykjavík, 14. mars 2012 R2012030016
G-ums 03/12*Alþingi*
Erindi nr. Þ 140/1545
*komudagur 16.3.2012***Umsögn ríkisskattstjóra vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 490. mál, þskj. 750.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 8. mars 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að við barnaföt og nauðsynjavörur tengdar barnaupveldi beri 7% virðisaukaskatt í stað 25,5%.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri áréttta eftirfarandi:

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi var áhersla lögð á að hafa skatthlutfallið aðeins eitt og að takmarka undanþágur svo sem kostur væri. Byggðist það viðhorf á þeim sjónarmiðum að undanþágur og mismunandi skatthlutföll væru ekki í samræmi við þá grundvallarhugmynd sem að baki virðisaukaskatti byggi. Auk þess sem slík mismunun milli tegunda vöru og þjónustu torveldaði einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Þessi sjónarmið koma m.a. fram í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Út frá skatttæknilegum sjónarmiðum tekur ríkisskattstjóri undir þessi sjónarmið.

Á árinu 1999 starfaði nefnd sem fjármálaráðherra fól að gera athugun á virðisaukaskatti í ljósi reynslu af skattinum þann áratug sem liðinn var frá upptöku hans hér á landi. Skilaði nefndin frá sér álit sem út var gefið af fjármálaráðuneytinu í mars árið 2000 undir nafninu "Framkvæmd virðisaukaskatts - Nefndarálit". Fjallaði nefndin m.a. um framkomnar hugmyndir er lutu að því að fella undir 14% skatthlutfall virðisaukaskatts tilteknar vörur, þ.m.t. vörur fyrir börn. Um þær hugmyndir segir í nefndarálitinu: „Nefndin telur að grundvöllur skattheimtunnar myndi raskast verulega ef farið yrði að þessum hugmyndum“ og jafnframt: „Að auki þykir rétt að nefna að miklir framkvæmdaörðugleikar gætu skapast, svo sem við að undanþiggja vörur fyrir börn fullri skattlagningu. Augljós hætta er á auknum undanskotum með nýjum undanþágum. Að mati nefndarinnar eru ekki efni til að víkka skattstofn lægra skattþreps á kostnað hærra skattþreps enn frekar en orðið er.“ Undir þetta álit nefndarinnar getur ríkisskattstjóri tekið.


Í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umsagnar er vísað til þess markmiðs að koma til móts við barnafjölskyldur sem hafa þurft að axla einna þyngstu byrðarnar í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Jafnframt kemur fram að til lengri tíma litið beri að stefna að lækkun virðisaukaskattsins og einfalda innheimtu hans með einu almennu skattþrepi. Að mati

ríkisskattstjóra hefur breyting sem þessi engin áhrif á jaðaráhrif skattsins, eykur fremur en dregur úr mismunun og er síst til þess fallin að auka skilvirkni skattkerfisins. Má í því sambandi vísa til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 122/1993, en með þeim lögum var m.a. virðisaukaskattur af tilteknum matvælum lækkaður úr 24,5% í 14%. Varðandi þá breytingu segir í almennum athugasemdum m.a.: „Ljóst er að lækkun virðisaukaskatts á matvælum hefur í för með sér ýmsa erfiðleika við framkvæmd og eftirlit. Breytingarnar hafa jafnframt í för með sér töluverðan kostnað vegna undirbúnings, kynningar og útgáfustarfsemi, breytinga á tölvukerfum, starfsmanna- og launakostnaðar auk beins og óbeins kostnaðar við eftirlit og framkvæmd.“ Ríkisskattstjóri bendir ennfremur á að ólíklegt sé að lækkun virðisaukaskatts skili sér að fullu í lægra vöruverði. Lækkun skatthlutfalls á tiltekna vöru gerir það hagkvæmt að auka álagningu á hana og draga úr álagningu á aðra vöru. Þannig er ástæða til að ætla að tekjutap ríkisins vegna lækkunarinnar komi ekki að öllu leyti fram sem ívilnun hjá þeim sem henni er beint að. Þá er líklegt að ríkissjóður verði fyrir tekjutapi vegna umræddrar lækkunar og á einhvern hátt verður að mæta því tekjutapi.

Almennt hafa frávik frá meginreglum í för með sér skilgreiningarvanda og markatilvik sem skapa óvissu og jafnvel mismunun. Frávik varðandi virðisaukaskatt af barnafatnaði yrði augljóslega haldið slíkum annmörkum. Hugtakið barn hefur ekki verið skilgreint með einhlítum hætti í íslenskum lögum. Í núgildandi barnalögum nr. 76/2003 er hugtakið ekki skilgreint berum orðum en þar segir í 1. mgr. 61. gr. að framfærsluskyldu ljúki þegar barn verður 18 ára. Þá segir í 5. mgr. 28. gr. áður nefndra laga að barn eigi rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða. Í 1. gr. laga nr. 71/1997 kemur fram að lögráða verði menn 18 ára og að lögráða maður sé sjálfráða og fjárráða. Í 2. mgr. laganna kemur svo fram að stofni ólögráða maður til hjúskapar verði hann lögráða við það. Í lögum um tekjuskatt er miðað við að barnabætur greiðist með börnum til 18 ára aldurs sbr. 68. gr. B í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Almennt virðist því mega miða við að þeir einstaklingar sem eru 18 ára eða eldri teljist ekki börn í skilningi íslenskra laga. Ljóst má vera að afmörkun á hugtökunum barnaföt og barnaskór verður tæplega miðuð við hugtakið barn eins og það kemur fram í íslenskum lögum. Jafnvel þótt komist yrði að niðurstöðu um hvar mörkin liggja milli barns og unglings eða fullorðins í umræddu skattalegu tilliti, væri björninn ekki unninn. Aðgreining yrði að miðast við einkenni vörunnar en ekki neytandans, til að vera framkvæmanleg. Til álita kæmi að miða undanþáguna við stærð flíka. Ördugleikar við það eru m.a. þeir að einhlít stærðaflokkun fatnaðar er ekki til og að börn eru misstór þó á sama aldri séu. Þá er ríkisskattstjóra ekki kunnugt um hvernig tollflokkun barnafatnaðar er háttað þ.e. hvort að flokkun miðast við stærð fatnaðar eða annað.

Það hefur löngum verið ljóst, m.a. á grundvelli framangreindra atriða og stutt rökum fræðimanna og reynslu af framkvæmd, að undanþágur frá neyslusköttum sem ætlaðar eru tilteknum hópi neytanda eru lítt fallnar til árangurs og langtum ómarkvissari en beinar ívilnanir t.d. í formi barnabóta eða lækkunar beinna skatta. Þær hafa hins vegar í för með sér misræmi, auka kostnað viðskattframkvæmd og torvelda eftirlit. Ríkisskattstjóri sér því ekki tilgang í því að varið verði fé og fyrirhöfn í frekari athuganir á þessu máli og mælir ekki með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt



Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1529
komudagur 14.3.2012



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. mars 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (barnaföt o.fl.). 490. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lagt til að lækka virðisaukaskatt á barnavörur úr 25,5% í 7% til þess að styðja betur við barnafjölskyldur.

Samtök atvinnulífsins hafa beitt sér fyrir þeirri stefnu að skattkerfið sé sem einfaldast og almennast. Í ljósi þeirrar stefnumörkunar telja SA að breytingar sem fela í sér stækkun skattstofna og lækkun hlutfalla vera skynsamlegar. SA hafa þannig fylgt þeirri stefnu að stefna bæri að lækkun virðisaukaskatts og einföldun innheimtu hans með einu almennu skattþrepi, en geldur varhug við að hreyfa við skattlagningu einstakra vöruflokka eins og hér er lagt til. Sé vilji til að styðja betur við barnafjölskyldur, líkt og markmið frumvarpsins stefnir að, þá telja SA aðrar leiðir heppilegri, t.d. með hækkun á barnabótum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Alþingi
Erindi nr. P 140/1602
komudagur 22.3.2012



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, barnaföt o.fl. (490. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að barnaföt verði færð í lægra þrep virðisaukaskatts.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir mikilvægi þess að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga og hefur um margra ára skeið bent á að skattalækkunar séu bestu kjarabætur heimila. Í þeim efnum þarf þó að stíga varlega til jarðar í ljósi bágrar stöðu ríkissjóðs. Langvarandi hallarekstur ríkissjóðs kemur niður á hagkerfinu í heild og því er það eitt mikilvægasta verkefni endurreisnarinnar að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Þó er vel unnt að færa rök fyrir því að brýn þörf sé á heildarendurskoðun á umfangsmiklum skattahækkunum síðustu ára. Með einfaldara skattkerfi má auka umsvif í hagkerfinu og þar með hagvöxt sem svo aftur skilar sér bættum lífskjörum og í beinum tekjuauka fyrir ríkið. Þá er enn svigrúm til aðlögunar í útgjöldum ríkissjóðs sem tilefni er til að nýta.

Lækkun virðisaukaskatts almennt myndi að öllum líkindum hafa þensluhvetjandi áhrif í för með sér samhliða aukningu í neyslu. Hagvöxtur síðustu missera hefur um of verið drifinn af aukinni neyslu sem aftur kyndir undir verðbólgu. Verði frumvarp þetta samþykkt er því mikilvægt að ríkissjóður dragi frekar saman seglin til að vega uppá móti væntum þensluáhrifum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2012

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Þingskjal 750 – 490. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) styður frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 þar sem lagt er til að færa barnaföt og nauðsynjavörur tengdar barnauppeldi í neðra virðisaukaskattsþrep. Samkvæmt rannsókninni *Fátækt og félagslegar aðstæður öryrkja* sem unnin var af Rannsóknasetri í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands árið 2010 voru barnafjölskyldur þar sem foreldrar eru öryrkjar hvað verst staddar. Einnig hafa kjör öryrkja versnað í kreppunni þar sem greiðslur almannatrygginga hafa ekki hækkað í samræmi við lög um almannatryggingar. ÖBÍ fagnar því þessu frumvarpi og telur að með því sé verið að koma til móts við þann hóp í samfélaginu sem orðið hefur illa úti í efnahagsþrengingunum.

Virðingarfyllt
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri